

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stofnun menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs

Borgarstjórn samþykkir að stofna menningar-, íþróttar- og tómstundaráð. Ráðið fari með verkefni menningar- og ferðamálaráðs og íþróttar- og tómstundaráðs að ferðamálum undanskildum sem færast nú undir borgarráð. Ráðið verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við menningar- og ferðamálasvið og íþróttar- og tómstundasvið sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum menningar- og ferðamálaráðs og íþróttar- og tómstundaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.